



ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

# Styrkir, lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla sem ætlað er að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðaðróun

---

## *Áfangaskýrsla II- 2013*

Áfangaskýrsla II fyrir meginmálaflokk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum. Áfangaskýrsla I var kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu verkefnisins frá síðustu áfangaskýrslu og gerð verður grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárlagafrumvarpi ársins 2014. Lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014.

## Samantekt

Meginmálaflokkur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (ANR) í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF) snýr að aðgengi að fyrirgreiðslu sem boðin er sem hluti stoðkerfis atvinnulífs. Þar er litið til starfsemi sjóða og stofnana sem fjármagnaðir eru af fjárlagaliðum ráðuneytisins og veita fjármagni til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja með það að markmiði að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðapróun.

Fjármunum sem varið er til þessa málaflokks er ætlað renna til þeirra verkefna sem best eru til þess fallin að stuðla að nýsköpun og efla atvinnulíf, en auk þess er það réttlætismál að stoðkerfið standi öllum opið og mismuni ekki á grundvelli ómálefnalegra atriða eins og t.d. kynferðis umsækjanda.

Verkefnið er unnið í samstarfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og fulltrúum þeirra sjóða og stofnana sem starfa á vegum ráðuneytisins í þessum verkefnum. Markmið verkefnisins er að greina hvort á það halli á annað hvort kynið í þessu efni og þá einnig til hvaða mótvægisáðgerða megi grípa og stuðla að jöfnu aðgengi kynjanna að þeim fjármunum sem varið er til málaflokksins. Vegna sameiningar ráðuneyta hefur verkáætlun verið endurskoðuð. Fleiri sjóðum var bætt við verkefnið og því seinkað um hálf ár.

## Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Styrkir, lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla sem ætlað er að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðapróun	Dags	Sept. 2013																								
Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra	Jón Óskar Hallgrímsson, ANR																										
Teymi	Einn fulltrúi frá hverjum aðila: <table border="0"> <thead> <tr> <th>Nafn</th> <th>Fulltrúi fyrir</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Elín Gróa Karlsdóttir</td> <td>Byggðastofnun</td> </tr> <tr> <td>Hanna Dóra Hólm Másdóttir</td> <td>Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</td> </tr> <tr> <td>Harpa Þórunn Pétursd.</td> <td>Orkusjóður</td> </tr> <tr> <td>Helga Halldórsdóttir</td> <td>Nýsköpunarmiðstöð Íslands</td> </tr> <tr> <td>Hulda Lilliendahl</td> <td>Samkeppnisdeild verkefnasjóðs sjávarútvegsins</td> </tr> <tr> <td>Jón Óskar Hallgrímsson</td> <td>Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</td> </tr> <tr> <td>Karl Friðriksson</td> <td>Nýsköpunarmiðstöð Íslands</td> </tr> <tr> <td>Pétur Bjarnason</td> <td>Aukið virði sjávarfangs (AVS)</td> </tr> <tr> <td>Sigurður Björnsson</td> <td>Tækniþróunarsjóður</td> </tr> <tr> <td>Sólrun Anna Jónsdóttir</td> <td>Ferðamálastofa</td> </tr> <tr> <td>Þórhildur Þorsteinsdóttir</td> <td>Framleiðnisjóður landbúnaðarins</td> </tr> </tbody> </table>			Nafn	Fulltrúi fyrir	Elín Gróa Karlsdóttir	Byggðastofnun	Hanna Dóra Hólm Másdóttir	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Harpa Þórunn Pétursd.	Orkusjóður	Helga Halldórsdóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Hulda Lilliendahl	Samkeppnisdeild verkefnasjóðs sjávarútvegsins	Jón Óskar Hallgrímsson	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Karl Friðriksson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Pétur Bjarnason	Aukið virði sjávarfangs (AVS)	Sigurður Björnsson	Tækniþróunarsjóður	Sólrun Anna Jónsdóttir	Ferðamálastofa	Þórhildur Þorsteinsdóttir	Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Nafn	Fulltrúi fyrir																										
Elín Gróa Karlsdóttir	Byggðastofnun																										
Hanna Dóra Hólm Másdóttir	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti																										
Harpa Þórunn Pétursd.	Orkusjóður																										
Helga Halldórsdóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands																										
Hulda Lilliendahl	Samkeppnisdeild verkefnasjóðs sjávarútvegsins																										
Jón Óskar Hallgrímsson	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti																										
Karl Friðriksson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands																										
Pétur Bjarnason	Aukið virði sjávarfangs (AVS)																										
Sigurður Björnsson	Tækniþróunarsjóður																										
Sólrun Anna Jónsdóttir	Ferðamálastofa																										
Þórhildur Þorsteinsdóttir	Framleiðnisjóður landbúnaðarins																										
Eigandi og stýrihópur	Ráðuneytisstjóri ANR er eigandi verkefnis. Enginn stýrihópur hefur verið settur á stofn.																										
Lýsing verkefnis	Úthlutun fjármuna úr stoðkerfi atvinnulífsins greind út frá kyni þiggjanda og aðgengi kynjanna að þjónustunni.																										
Markmið verkefnis	Markmið verkefnis ANR í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er að skoða hlut kynja við úthlutun fjármagns til nýsköpunar og eflingar atvinnulífs á vegum sjóða og stofnana ANR. Markmiðið er að skoða verklag og aðferðir við úthlutun fjármagns svo það nýtist aðilum sem jafnast óháð kyni.																										
Jafnréttismarkmið verkefnis	Jafnréttismarkmið tengjast því að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að þeim úrræðum sem stoðkerfi atvinnulífsins býður og þar með að kynin eigi jafna möguleika á að njóta ráðstöfunar opinberra fjármuna.																										

## **Staða verkefnis**

Vegna sameiningar ráðuneyta hefur verkáætlun verið endurskoðuð. Fleiri sjóðum var bætt við verkefnið og því seinkað um hálf t. ár.

## A. Almennt um verkefnið

### 1. Nafn verkefnis

Verkefnið ber heitið „Úthlutun styrkja, lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og stofnana þess sem ætlað er að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðapróun“.

Beinir þátttakendur í verkefninu eru undirstofnanir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (ANR) og aðilar sem ráðstafa fjármunum í umboði þess sem rúmast innan afmörkunar verkefnisins. Þeir aðilar eru eftirfarandi:

- Aukið virði sjávarfangs (AVS)
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR)
- Byggðastofnun (BS)
- Ferðamálastofa (FMS)
- Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL)
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI)
- Orkusjóður (OS)
- Samkeppnisdeild verkefnasjóðs sjávarútvegsins (SVS)
- Tækniþróunarsjóður (TPS)

### 2. Bakgrunnsupplýsingar

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð (KHF) er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Markmiðið er að draga fram áhrif fjárlaga á kynin og leita leiða til að tryggja jafna og sanngjarna dreifingu fjármagns og annarra aðfanga milli kynja. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin í öll stig fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti.

Í þriggja ára áætlun um innleiðingu KHF sem ríkisstjórnin samþykkti þann 27. apríl 2011 var lagt til að hvert og eitt ráðuneyti velji meginmálaflokk til að greina og vinna með næstu þrjú ár á eftir.

Það verkefni sem ANR tekst á við er að greina hvernig fjármunum er varið gegnum stoðkerfi atvinnulífsins með hliðsjón af kynjasjónarmiðum. Með stoðkerfi atvinnulífsins er í þessu tilliti litið til allra sjóða, styrk- og lánveitenda sem sækja fjármagn til fjárlagaliða ANR.

Verkefnið er unnið í framhaldi af tilraunaverkefni í KHF sem unnið var á vegum iðnaðarráðuneytis þar sem athugun fór fram á úthlutun þriggja. Þeir sjóðir voru:

- Átak til atvinnusköpunar
- Orkusjóður
- Tækniþróunarsjóður

Niðurstöður í því verkefni voru settar fram í skýrslu sem unnin var sem hluti þess verkefnis.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki þrjú ár í framkvæmd og strax við upphaf verkefnisins var lögð fram verkefnisáætlun og markmiðssetning sem gildir fyrir líftíma verkefnisins í heild sinni.

### 3. Markmið verkefnisins

#### Almenn markmið

Markmið verkefnis ANR í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er að skoða hlut kynja við úthlutun fjármagns til nýsköpunar og eflingar atvinnulífs á vegum sjóða og stofnanaráðuneytisins. Markmiðið er að skoða verklag og aðferðir við úthlutun fjármagns svo það nýtist aðilum sem jafnast óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Við verklok er stefnt að því að eftirfarandi markmiðum hafi verið náð:

- Til staðar sé verklag við söfnun, skráningu og úrvinnslu upplýsinga um umsækjendur og þiggjendur fyrirgreiðslu sem tryggi yfirsýn yfir ráðstöfun þeirra eftir lykilkáttum, s.s. kyni, landsvæði, atvinnugrein og öðrum þáttum sem eru mikilvægir til að greina hvar áhrifa gætir af ráðstöfun opinberra fjármuna.
- Til staðar sé samræmt verklag við flokkun og úrvinnslu upplýsinga fyrir sjóði og stofnanir á vegum ANR þar sem sama flokkunaraðferð er notuð á lykilkbreytur, t.a.m. hvernig kynjaflokkun er útærð fyrir umsækjendur og þiggjendur styrkja.
- Mótaðir hafa verið skýrir mælikvarðar fyrir lykilkbreytur og úrvinnsla upplýsinga verði nægilega ör til þess að hægt verður að taka saman skýrslugjöf fyrir allar stofnanir og sjóði á vegum ANR reglubundið.

Þannig er gert ráð fyrir að við verklok verði til staðar gagnagrunnur yfir umsækjendur og þiggjendur fyrirgreiðslu, hægt verði að fylgjast með lykilmælikvörðum reglubundið og þar með fá yfirsýn yfir ráðstöfun opinbers fjár og hvaða hópar, atvinnugreinar og kyn nýta fyrirgreiðsluna.

#### Framsetning á jafnréttismarkmiðum verkefnis

Jafnréttismarkmiðin tengjast því að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að þeim úrræðum sem stöðkerfi atvinnulífsins býður og þar með að kynin eigi jafna möguleika á að njóta ráðstöfunar á opinberum fjármunum.

Tilraunaverkefni iðnaðarráðuneytis sem vísað var til leiddi í ljós að konur voru í miklum minnihluta umsækjenda hjá þeim þremur sjóðum sem teknir voru til skoðunar. Þá leiddi verkefnið einnig í ljós að konur sóttu að jafnaði um lægri fjárhæðir í fyrirgreiðslu.

Þannig má segja að það sé markmið að tryggja aðgengi beggja kynja að kerfinu og finna út hvað það er sem gerir það að verkum að konur sækja ekki um fjármagn/styrki í sama mæli og

karlar. Það er jafnréttismarkmið að fá konur til að sækja um fyrirgreiðslu, en fagleg sjónarmið munu þó áfram ráða við úthlutun. Þannig er ekki gert ráð fyrir að setja inn kynjaákvæði í úthlutunarreglur.

Þá er það leið að jafnréttismarkmiði verkefnisins er að auka kyngreiningu fyrirbyggjandi gagna og safna markvisst gögnum til þess að geta greint hvaða áhrif ráðstöfun opinbers fjármagns á þessu sviði hefur á kynin. Greina þarf hvort verklag við úthlutun fjármuna, kynningu á starfsemi eða annað á starfssviði stofnana ANR valdi þeim mismun og hvort hægt sé að jafna hlut kynja í því efni. Í ljósi niðurstaðna í fyrra verkefni má ætla að það verði áhersluatriði að finna leiðir til að auka aðgengi kvenna að þeim úrræðum sem eru í boði og jafna þannig hlut þeirra.

Gert er ráð fyrir að farið verði markvisst yfir öll formleg samskipti stofnana ANR við umsækjendur til þess að greina mögulegar ástæður fyrir kynjahalla og hvort/hvernig bregðast megi við til þess að jafna aðgengi beggja kynja að kerfinu. Þar þarf að fara yfir orðfæri í öllu efni sem er birt til kynningar, leiðbeiningar og í umsóknum til þess að kanna hvort orðfæri kunni að halla á annað kynið.

## **B. Úrlausn og staða verkefnis**

### **1. Afmörkun verkefnis og áætlaður framgangur**

#### **Lýsing á afmörkun KHF verkefnis**

Við upphaf verkefnis var sett fram stofnskjál verkefnis sem unnið var í samráði aðila sem koma að því. Þar var sett fram skilgreining markmiða og hvaða aðgerða ætti að grípa til svo vinna mætti að þeim markmiðum.

Þá voru hlutverk og ábyrgðarsvið aðila skilgreind og teiknað upp stjórnskipulag verkefnisins. Í því kemur fram að ráðuneytisstjóri er eigandi verkefnis, en verkefnahópur verði skipaður með fulltrúa þeirra aðila sem eru aðilar að verkefninu. Verkefnastjóri mótar verklag og samræmir aðgerðir.

#### **Breyting á umfangi KHF verkefnis og afmörkun á líftíma þess**

Verkefnið var upphaflega sett á stofn á forræði iðnaðarráðuneytis og tók aðeins til undirstofnana og fjárlagaliða þess. Um svipað leyti og fyrstu áfangaskýrslu var skilað var tekin ákvörðun um að ráðuneytið myndi renna inn í nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Við það varð nokkur breyting í umfangi verkefnisins. Ákveðið var að undir KHF verkefni ANR myndu falla sjóðir og fjárlagaliðir hins nýja ráðuneytis til viðbótar við þau verkefni sem unnið hafði verið með í tíð iðnaðarráðuneytis.

Sú breyting kallaði því á uppfærslu stofnskjal verkefnisins, þar sem afmörkun þess var víkkuð sem því nam, en áætluðum tímasetningum var einnig breytt að því leyti að taka þurfti tillit til þess að nýir aðilar höfðu ekki unnið að verkefninu frá upphafi.

Eftirfarandi aðilar komu til viðbótar að verkefninu síðla árs 2012:

- Aukið virði sjávarfangs (AVS)
- Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL)
- Samkeppnisdeild verkefnasjóðs sjávarútvegsins (VS)

### **Lýsing á áfangaskiptingu KHF verkefnis**

Verkefninu var í upphafi skipt upp í áfanga sem hver um sig var brotinn niður í sértækari markmið og aðgerðir. Markmið áfangaskiptingarinnar er að búa til traustan farveg fyrir verkefnið þar sem aðgerðir á ólíkum stigum þess eru ljósar og tengdar markmiðsetningu þess.

Áfangaskiptingin sem lagt var upp með við úrvinnslu verkefnisins er eftirfarandi:

**Áfangi 0** - Undirbúningur og stofnun verkefnis.

**Áfangi 1** – Samræming gagnasöfnunar, mótun mælikvarða og mótun verklags.

**Áfangi 2** – Uppbygging gagnagrunns, heildarmat á stöðu og árangri.

**Áfangi 3** – Útfærsla breytinga, smíði lausna og innleiðing.

Áfangaskiptingin er enn óbreytt frá fyrstu útgáfu en tímasetningar og áherslur hafa tekið nokkrum breytingum með breytingu í umfangi og þeirri reynslu og viðhorfum sem hafa komið fram í vinnu hópsins.

Þá er vert að taka fram að verkáætlun sem unnin hefur verið tímasetur nánar hvern áfanga og tiltekur aðgerðir fyrir hvern þeirra og ábyrgðarsvið. Í viðauka er birt yfirlit yfir þær aðgerðir sem tilheyra hverjum áfanga.

Hér á eftir viðfangsefni hvers áfanga lýst.

**Í áfanga núll** lagður grunnur að verkefninu með formlegri stofnun þess. Undir þeim lið er gert ráð fyrir að skýra markmið þess, stofna starfshópa, útfæra verkefnisáætlun, vinna stuðning þess hjá þeim sem að því koma. Þá er gert ráð fyrir að fram fari fyrsta skimun á fyrirliggjandi gögnum og viðfangsefninu í verkefnishópi og byggt á niðurstöðu þeirrar vinnu verði verkefnisáætlun uppfærð og samþykkt af eiganda verkefnisins.

Á þessu stigi er gert ráð fyrir að eiga virkt samráð við aðra aðila sem vinna að svipuðum verkefnum á sviði KHF, því það er mikilvægt að slíkt samráð fari fram í upphafi vinnunnar svo átak sé samstillt á líftíma verkefnisins.

**Í fyrsta áfanga** er gert ráð fyrir að vinna að samræmingu verklags við gagnasöfnun hjá þeim aðilum sem koma að verkefninu. Gert var ráð fyrir að í fyrstu færi nokkur vinna fram



sameiginlega við samræmingu hugtaka og hugmynda. Þar mun reyna mest á hvernig kyngreining fyrirtækja og stofnana fer fram í meðhöndlun upplýsinga. Eftir það gæti hver aðili unnið nokkuð sjálfstætt við flokkun og skráningu upplýsinga og miðlað niðurstöðu til frekari greiningar.

Markmiðið með því er að fá gleggri yfirsýn yfir stöðuna og þar með hvaða aðgerða er eðlilegt að grípa til.

**Í öðrum áfanga** er ráðgert að til staðar verði gögn sem gefi heildaryfirsýn yfir stöðu málaflokksins. Slíkt stöðumat gefur færi á að gera tillögur um markvissar breytingar. Gert er ráð fyrir að nokkrum breytingum verði hrint í framkvæmd í þessum áfanga, en jafnframt verði unnið að tillögum um nánari útfærslu breytinga og aðgerðaáætlana vegna þeirra.

Þá er gert ráð fyrir að lykilmælikvarðar verði skilgreindir og aðferðir við vöktun þeirra, þ.e. hvernig megji miðla þeim upplýsingum með reglubundnum hætti til viðeigandi aðila eftir að líftíma verkefnisins lýkur.

**Í þriðja áfanga** er gert ráð fyrir að breytingum verði hrint í framkvæmd og þess sem árangur breytinga sem þegar hafa verið innleiddar verða metnar. Unnið verður að innleiðingu á símati og vöktun lykilstærða.

Auk þess er gert ráð fyrir að árangur breytinga sem þegar hafa verið innleiddar vegna aðgerða á fyrri stigum verkefnisins verði metnar. Unnið verður að innleiðingu á símati og vöktun lykilstærða. Gert er ráð fyrir að þriðja áfanga ljúki við lok árs 2014 með skilum á lokaskýrslu.

#### **Lýsing á stöðu verkefnis við skil áfangaskýrslu**

Vinna verkefnisins er nú í fyrsta áfanga skv. verkáætlun. Gert er ráð fyrir að þeim verkþætti ljúki síðar á árinu og þá verði hafist handa við annan áfanga.

Í viðauka má sjá verkþætti verkefnisins í heild sinni en taflan að neðan sýnir verkþætti fyrsta áfanga. Þar má sjá áherslur í starfi fyrsta áfanga sem snúa aðallega að samræmingu verklags og vinnubragða þeirra aðila sem taka þátt í verkefninu.

Samkvæmt áætlun eiga verkþættir frá 1.1 til og með 1.6 að ljúka fyrir septemberlok 2013. Fyrir lok október er gert ráð fyrir að verkþáttum 1.7 til 1.9 verði lokið, en þeir beinast að því að ljúka undirbúningi að samræmdri gagnaskráningu og flokkun hjá hverjum aðila sem kemur að verkefninu.

Taflan að neðan sýnir verkþætti fyrsta áfanga.

#### Verkþættir fyrsta áfanga

#	Lýsing á verkþætti	Tímasetning
1.1	Yfirferð yfir öll eyðublöð og samræming	mar.13
1.2	Farið yfir aðferðir við kyngreiningu umsækjenda	jún.13
1.3	Mótað verklag við flokkun gagna (kyn ofl.)	jún.13
1.4	Sett fram áfangaskýrsla	jún.13
1.5	Skjalfestar reglur um flokkun gagna og verklag	jún.13
1.6	Innleiðing verklags á hverjum stað - gagnavinna	sep.13
1.7	Úrvinnsla gagna á hverjum stað	okt.13
1.8	Miðlæg gagnaskráning stillt upp -	okt.13
1.9	Farið yfir gögn/gagnagrunn og samþykkt afurð	okt.13

Gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga ljúki fyrir lok október 2013 og allir aðilar verkefnisins verði þá tilbúnir til að taka þátt í samræmdri skráningu upplýsinga og flokkun kynjabreyta sem notað yrði fyrir næsta umsóknarár.

## 2. Greining og niðurstöður

Starfshópurinn fylgdi verkáætlun og sammæltist um þær aðferðir sem nota skyldi til að flokka umsóknir og úthlutanir. Samræming verklags og aðferða er forsenda þess að hægt sé að fá yfirsýn yfir stöðu og vinna bæði frekari greiningu og gera tillögur til úrbóta.

Hver aðili fyrir sig fór yfir umsóknarblöð og verklag og miðlaði til vinnuhóps þar sem fari var yfir hvort tilefni væri til að ætla að verklag, kynning á starfseminni og úthlutunarreglur efndi til kynjahalla.

Þá var unnið út frá því markmiði að allir þessir aðilar myndu samræma starf sitt svo hægt væri að líta á kerfið í heild sinni sem samstætt kerfi sem gæti unnið að sameiginlegum markmiðum um jafnt aðgengi kynja að ráðstöfun fjármuna.

Farið var yfir gögn um úthlutanir og umsóknir til staðfestingar á núverandi ástandi. Niðurstaða þeirrar greiningar studdi niðurstöður sem þegar höfðu fengist úr tilraunaverkefni að ekki hallaði á konur þegar litið var til úthlutana. Þar er vísað til þess að úr hópi umsækjanda áttu konur ekki undir högg að sækja, þó þær fengu lægri hlutfall þeirra fjármuna sem voru til ráðstöfunar. Ástæða þess var fremur sú að konur voru í minnihluta þeirra sem sóttu um fyrirgreiðslu.

Viðfangsefni hópsins í áfanga eitt snerist að verulegu leyti að því hvernig mætti vinna úr umsóknargögnum til að fá hagnýtar upplýsingar til kyngreiningar. Þar er vísað til þess að einstaklingar eru að jafnaði lítill hluti umsækjanda um fyrirgreiðslu og styrki á þessu sviði. Stoðkerfi atvinnulífs vinnur almennt með stofnunum og fyrirtækjum sem ekki er unnt að kyngreina.

Reynt var að þróa leiðir til að móta kynjabreytur fyrir umsækjendur sem gátu t.d. verið byggðar á kynferði verkefnastjóra verkefna, eigenda fyrirtækja, stjórnarmanna eða viðlíka þátta. Engin ein leið reyndist vænleg fyrir alla þá starfsemi sem lá til grundvallar verkefninu. Allar breytur sem nota mætti sem nálgun höfðu þann ókost að lýsa ekki því sem markmiðið var að mæla. Spurningin í þessu efni er tvíþætt. Annars vegar þarf að huga að því hvort aðferðin sem beitt er við mælingu sé nákvæm og hins vegar hvort við séum að mæla það sem við viljum fá niðurstöðu um.

Því var afráðið að allir aðilar myndu aðlaga umsóknareyðublöð og upplýsingasöfnun næsta árs að því að þeim markmiðum sem liggja fyrir og leggja fram spurningar sem raunverulega gagnast við mælingu á áhrifum fjárveitinga á kyn.

Útfærslan sem liggur fyrir er sú að við umsókn verði spurt um væntanleg áhrif verkefnisins á kynin, þ.e. hverjir muni hafa atvinnu af verkefninu sem nýtur fyrirgreiðslu. Við uppgjör og lokagreiðslu verður þá jafnframt óskað upplýsinga um hver raunin varð.

Með þeim hætti verður unnt að fá fram upplýsingar til nákvæmari greiningar og úrvinnslu sem nýtist í öðrum áfanga verkefnisins.

## Viðauki – yfirlit verkþátta skv. samþykktri verkáætlun

### Yfirlit verkþátta skv. verkáætlun

Taflan að neðan sýnir þá verkþætti sem skilgreindir eru í verkefninu. Verkþættir hafa einnig verið dregnir upp á tímaás þar sem ábyrgð á hverjum verkþætti er tiltekin.

#	Áfangi / Verkþáttur	áætluð verklok
<b>0. Undirbúningur og stofnun verkefnis</b>		
0.1	Eigandi verkefnis mótar verkefni - markmið	sep.11
0.2	Skipað í verkefnishópa og hlutverk mótuð	sep.11
0.3	Unnið í stofnskjali verkefnis	des.11
0.4	Drög að verkefnisáætlun unnin / lögð fram	des.11
0.5	Grófskimun efnis & þarfagreining - farið yfir verklag	mar.12
0.6	Farið yfir fyrirbyggjandi gögn	mar.12
0.7	Athugun á hvað erlendir sjóðir gera / fyrirmyndir	jún.12
0.8	Lista upp alla sjóði / einnig utan IDN - heildarsýn	jún.12
0.9	Unnið í endanlega verkáætlun og aflað samþykkis	mar.12
<b>1. Samræming gagnasöfnunar, mótun mælikvarða og mótun verklags</b>		
1.1	Yfirferð yfir öll eyðublöð og samræming	mar.13
1.2	Farið yfir aðferðir við kyngreiningu umsækjenda	jún.13
1.3	Mótað verklag við flokkun gagna (kyn ofl.)	jún.13
1.4	Sett fram áfangaskýrsla	jún.13
1.5	Skjalfestar reglur um flokkun gagna og verklag	jún.13
1.6	Innleiðing verklags á hverjum stað - gagnavinna	sep.13
1.7	Úrvinnsla gagna á hverjum stað	sep.13
1.8	Miðlæg gagnaskráning stillt upp -	sep.13
1.9	Farið yfir gögn/gagnagrunn og samþykkt afurð	sep.13
<b>2. Uppbygging gagnagrunns, heildarmat á stöðu og árangri</b>		
2.1	Yfirferð gagna - staða málaflokks í heild	des.13
2.2	Aðlögun verklags byggt á endurmati	sep.14
2.3	Greiningarvinna - veikleikar/sóknarfæri/orsakir	des.13
2.4	Samráð um stöðu skv. greiningu - kynning	des.13
2.5	Sett fram áfangaskýrsla	des.13
2.6	Stíllt upp grófu breytingaplani - samþykki eiganda	mar.14
2.7	Unnið að innleiðingu fyrstu breytinga "quick-win"	jún.14
2.8	Skilgreining mælikvarða og aðferð við vöktun	jún.14
2.9	Skjalfesting verklags við árangursmat	sep.14
<b>3. Útfærsla breytinga, smíði lausna og innleiðing</b>		
3.1	Yfirferð árangurs af breytingum - greining gagna	mar.14
3.2	Unnið með lausnir (ath - háð niðurstöðu)	sep.14
3.3	Innleiðing breytinga	sep.14
3.4	Símat - endurmat og yfirferð	sep.14
3.5	Sett fram Lokaskýrsla	jún.14